

Skipulagsstofnun
b/t Jón Ágúst Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 26. febrúar 2021
UST202102-102/R.K.
08.14.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum -Frummatsskýrsla- Brennsluofn fyrir dýraleifar á Strönd í Rangárþingi ytra

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 2. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda frummatsskýrslu.

Framkvæmdarlýsing

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. (hér eftir nefnt rekstraraðili) hefur rekið móttöku- og flokkunarstöð á Strönd frá árinu 1993 og er jafnframt eigandi jarðarinnar sem er á Rangárvöllum milli Hellu og Hvolsvallar. Rekstraraðili ráðgerir að reisa brennsluofn fyrir dýraleifar sem í skýrslunni er notað sem samheiti yfir heil hræ, skrokka, skrokkhuta, líffæri eða aðrar afurðir af dýrum sem ekki eru hæfar eða ætlaðar til manneldis. Er það sambærileg skilgreining og er fyrir aukaafurðir dýra skv. reglugerð nr. 674/2017, um um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, en nær það hugtak þó yfir meira en það sem hér er skilgrein sem dýraleifar.

Brennsluofninn mun mæta þörf á viðunandi förgun á dýraleifum í áhættuflokki 1 og 2 í reglugerð (EB) nr. 1069/2009 frá sveitarfélögum og einkaaðilum á Suðurlandi á urðunarstaðnum. Hámarksafkastageta ofnsins er um 4.000 tonn á ári en áætlað er að raun afkastageta verði milli 1.500-3.000 tonn á ári ef ofninn er ekki rekinn um um helgar. Mikið af þeim innviðum sem eru nú þegar til staðar á athafnarsvæði á Stönd verða nýtt við uppsetningu og rekstur brennsluofnsins sem verður hýstur í brennsluhúsi.

Brennsluofninn verður af gerðinni i8-1000A frá Inciner8 framleiðanda í Bretlandi eða annar sambærilegur ofn. Sú gerð uppfyllir öll skilyrði reglugerðar Evrópusambandsins um eyðingu dýraleifa í viðauka III með reglugerð (EB) nr. 142/2011 sbr. reglugerð nr. 674/2017 skv. frummatsskýrslu og er vottuð af breskum stjórnvöldum. Í brennsluhúsinu sem hýsir ofninn er einnig gert ráð fyrir geymslu fyrir dýraleifar til skamms tíma fyrir brennslu, sem munu fylgja ströngustu kröfum hvað varðar lekaheldni gáma undir dýraleifar, auk þvottaaðstöðu fyrir þá gáma.

Skipulag og valkostir

Fram kemur í kafla 2.2. í frummatsskýrslu að ekki þurfi að breyta gildandi aðalskipulagi vegna uppsetningar brennsluofnsins þar sem svæðið sem um ræðir er skilgreint sem iðnaðarsvæði. Síðar í skýrslunni kemur fram að svæðið sé deiliskipulagt og að þar komi fram að svæðið henti vel sem sorpstöð þar sem það er í nokkurri fjarlægð frá íbúabyggð, sem gerir það að verkum að umferð, lyktar- og sjónmengun hafi lágmarksáhrif. Brennsluofninum verður komið fyrir í brennsluhúsi og verður reynt að láta það falla vel að landslagi.

Kafla 3.4 fjallar um valkosti og telur Umhverfisstofnun þá umfjöllun vera góða. Stofnunin tekur fram að valin kostur gerir ráð fyrir 500-700 kg/klst. afköstum (milli 1.500-3.000 tonn á ári) og fellur því í flokk brennsluofna með mikil afköst skv. 1. þætti, II. kafla, III. viðauka reglugerðar nr. 142/2011 um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

Mat á umhverfisáhrifum

Framkvæmdin flokkast í A-flokk framkvæmda undir lið 11.02 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum sem förgunarstöð úrgangs sem meðhöndlar meira en 500 tonn af úrgangi á ári.

Fram kemur í frummatsskýrslu að megináhersla er lögð ákveðna umhverfisþætti og tekur Umhverfisstofnun afstöðu til; loftgæða og loftslags, lyktarónæðis, vatnsgæða, ásýndar og sjónrænna þátta, lífríkis, hljóðvistar og umferðar. Eru áhrif á alla framangreinda umhverfisþætti metin óveruleg í frummatsskýrslu.

Loftgæði, loftslag og lykt

Í frummatsskýrslu kemur fram í kafla 5.2 að loftgæði vegna brennslunnar skulu tryggð með bestu aðgengilegu tækni. Nettó áhrif framkvæmdar á loftslag, m.t.t. losunar gróðurhúsalofttegunda, eru metin jákvæð þar sem minna af þeim losna út í andrúmsloftið við brennslu en með urðun og tilheyrandi metanmyndun. Umhverfisstofnun tekur undir mat frummatsskýrslu fyrir hvort tveggja og telur umfjöllunina fullnægjandi.

Um áhrif framkvæmdar á lyktarónæði í kafla 5.3 er fjallað um að fjarlægð og ríkjandi vindáttir svæðisins valdi því að áhrif séu óveruleg. Fjarlægðarmörk starfseminnar við næstu nágranna sem gætu orðið fyrir óþægindum vegna lyktar er allt að 1 km skv. frummatsskýrslu og er það frístundasvæði. Umhverfisstofnun telur að lykt frá starfseminni á Strönd kunni að aukast með tilkomu brennsluofns miðað við núverandi ástand. Stofnunin telur þó ekki að lyktarónæði muni aukast að því marki að valda talsvert neikvæðum áhrifum og eru áhrifin því frekar metin óveruleg.

Ásýnd, lífríki, hljóðvist og umferð

Áhrif framkvæmdar á ásýnd og sjónræna þætti koma fram í kafla 5.5. Þar segir að telja megi að manir og önnur mannvirki á svæðinu dragi úr sjónrænum áhrifum brennsluhússins. Viðbót brennsluhússins á Strönd kann að mati Umhverfisstofnunar að auka neikvæð sjónræn áhrif á svæði vegna flatlendis en geta þau áhrif ekki talist talsvert neikvæð. Tekur stofnunin því undir mat frummatsskýrslu um að áhrifin verði óveruleg.

Um áhrif á lífríki í kafla 5.6 er aðallega fjallað um áhrifin sem tilkoma brennsluofns mun hafa á ásókn fugla og meindýra að svæðinu þar sem tíðni losunar mun aukast með auknu magni. Aðgengi fugla og meindýra verður takmarkað eins og kostur er þar sem dýraleifarnar verða geymdar í lokuðum vökvaheldum stálgámum. Ekki er gert ráð fyrir neinum áhrifum framkvæmdar á gróður og því heilt yfir óveruleg áhrif á lífríki. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við það mat.

Í umfjöllun frummatsskýrslu um hljóðvist og umferð í kafla 5.8 segir að með tilkomu ofnsins dragi úr flutningum dýraleifa á milli landshluta en á móti eykst umferð flutningstækja inn á svæðið. Fram kemur að hávaði verður einhver á framkvæmdartíma en á rekstartíma eru hverfandi líkur á hávaðamengun og að jarðvegsmanir komi einnig í veg fyrir það sem og fjarlægð við næstu nággranna. eru áhrifin á hljóðvist og umferð því metin óveruleg og Umhverfisstofnun tekur undir það mat.

Orkuendurnýting

Fram kemur í frummatsskýrslu að brennsluofninn brenni dísilolíu til að halda uppi hita, 50 l/klst. við upphitun en 25 l/klst. við rekstur, en unnið er að því að finna leiðir svo hægt verði að nota eldsneyti af endurnýjanlegum uppruna, svo sem dýrafitu eða lífdísil sem unninn er úr henni t.a.m. með breytingu á brennurum. Umhverfisstofnun telur framangreint vera til fyrirmyndar og tekur fram að með nýtingu lífdísilolíu sé þá verið að endurnýta efni sem eldsneyti með orkuendurnýtingu fitunnar eða lífdísils. Enn fremur kemur fram í frummatsskýrslu að verið sé að kanna möguleikann á endurnýtingu varmaorkunnar til upphitunar í samstarfi við Veitur ohf. sem er vel að mati stofnunarinnar.

Annað

Umhverfisstofnun mun hér aðeins fjalla um það efni frummatsskýrslu sem stofnunin gerir athugasemdir við sem er eftirfarandi.

Vatnsgæði

Í kafla 5.4 er fjallað um áhrif framkvæmdar á vatnsgæði. Fram kemur að engin ofanvatnsmengun ætti að stafa af geymslu dýraleifa í gámum á svæðinu. Ekkert frárennsli er frá brennsluofninum en frárennsli verður við þrif á gámum. Þvottavatnið verður leitt í söfnunarþró í gólfi brennsluhússins og þaðan út í tanka utan við húsið skv. frummatsskýrslu. Fram kemur að fráveituvatnið verður hreinsað í viðeigandi hreinsistöð og sótthreinsað fyrir losun í viðtaka. Áhrif framkvæmdar á vatnsgæði eru því talin óveruleg í frummatsskýrslu.

Ennfremur kemur fram að staða og samsetning grunnvatns og magn og samsetning hauggas verður áfram sérstaklega vaktað líkt og hefur verið skv. starfsleyfi urðunarstaðarins.

Umhverfisstofnun telur, þó svo ekki sé um mikið magn af vatni að ræða, að í matsskýrslu ætti að koma fram nánar hvernig hreinsun vatns verður háttáð og í hvaða viðtaka það verður losað að lokinni hreinsun. Tekið er fram að enn sé unnið í skipulagi hreinsunar en að hún muni fylgja öllum ákvæðum starfsleyfis og reglugerða sem er vel að mati stofnunarinnar. Umhverfisstofnun minnir á skilyrði fráveitu stöðva sem fram kemur í 2. þætti, II. kafla III. viðauka reglugerðar nr. 142/2011.

Starfsleyfi og skilyrði framkvæmdar

Urðunarstaðurinn á Strönd er rekinn samkvæmt starfsleyfi frá Umhverfisstofnun gefið út þann 16. mars 2016 með gildistíma til 16. mars 2032. Fram kemur í kafla 2.3 í frummatsskýrslu að gert sé ráð fyrir að rekstur brennsluofnsins verði hluti af rekstri urðunarstaðarins og í samræmi við það verður sótt um breytingu á núgildandi starfsleyfi frá Umhverfisstofnun. Breytt starfsleyfi eða nýtt starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn er forsenda rekstrarins. Umhverfisstofnun telur að með viðbót brennsluofnsins á Strönd sé líklegast að gefið verði út nýtt starfsleyfi en ákvörðun um það verður ekki tekin fyrr en stofnunin metur þá umsókn sem berst.

Fram kemur í frummatsskýrslu að tilgangur framkvæmdarinnar er að vera lausn á þeim bráða vanda sem skapast hefur á Suðurlandi varðandi viðunandi förgun á dýraleifum í áhættuflokki 1 og 2 skv. reglugerð nr. 674/2017. Þar kemur fram að starfsemin sé undanskilin reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit skv. 25. gr. sem fjallar um gildissvið kafla IV um brennslustöðvar. Umhverfisstofnun telur að IV. kafla reglugerðar nr. 550/2018 mælir fyrir um skilyrði fyrir brennslustöðvar sem eru umfram þau almennu skilyrði starfsleyfis sem fram koma í reglugerðinni. Þetta þýðir ekki að starfsemin sé undanskilin reglugerð nr. 550/2018. Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir förgunarstaði úrgangs, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Í b. lið 3. mgr. 2. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs kemur skýrt fram að löginn taka til aukaafurða úr dýrum sem eiga að fara í brennslu og því er skýrt að lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðir settar samkvæmt þeim, svo sem reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, eigi við um starfsemina.

Að því sögðu tekur stofnunin undir það sem fram kemur í frummatsskýrslu um að brennsluofninn þurfi að uppfylla kröfur fyrir leyfi til förgunar skv. 6. gr. reglugerðar nr. 142/2011 um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, og tilgreindar eru í III. viðauka þeirrar reglugerðar. Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu sé gerð grein fyrir þeim kröfum sem brennsluofninn mun uppfylla á fullnægjandi hátt.

Annað

Fram kemur á nokkrum stöðum í frummatsskýrslu að einungis verði notast við bestu fáanlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir. Umhverfisstofnun bendir á að nú sé hugtakið besta *aðgengilega* tækni í samræmi við reglugerð nr. 935/2018 um BAT (bestu aðgengilegu tækni) o.fl. á sviði atvinnurekstrar sem haft getur í för með sér mengun.

Niðurlag

Umhverfisstofnun telur að frummatsskýrsla geri að öðru leyti fullnægjandi hátt grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfi og umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur uppsetning og rekstur brennsluofns á Strönd sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif m.t.t. núverandi starfsemi urðunarstaðar á svæðinu.

Umhverfisstofnun tekur undir það sem segir í frummatsskýrslu um að mikil þörf sé á uppsetningu brennsluofns líkt og hér er fjallað um. Hingað til hefur þessi úrgangur að mestu leyti farið til urðunar og er nauðsynlegt að aðrar förgunarleiðir séu færar sem uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Fram kom að núverandi magn dýraleifa sem þarfnast meðhöndlunar á svæðinu er um 100 tonn á mánuði. Er það mat stofnunarinnar að uppsetning brennsluofns sé þörf viðbót við starfsemi úrgangsmeðhöndlunar til að koma á viðunandi förgun á dýraleifum í áhættuflokki 1 og 2 á Suðurlandi. Umhverfisstofnun tekur undir að áhrifin eru tímabundin, afturkræf, stað- og svæðisbundin og samræmast ákvæðum laga og reglugerða og almennri stefnumörkun stjórnvalda.

Virðingarfyllt

Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur

Ísak Már Jóhannsson
sérfræðingur